

Nr. 20-118 S 083 Þröstur BA 48***Strandar á Tálknafirði***

Skipaskr.nr.: 7702
 Smíðaður: Seigla, 2011, tefjaplast.
 Útgerð: Útgerðarfélagið Burst ehf.
 Stærð: 4,57 bt..
 Mesta lengd: 7,63 m Skráð lengd: 7,57 m
 Breidd: 2,57 m Dýpt: 1,35 m
 Vél: Volvo Penta, 87,5 kW, 2011.
 Fjöldi skipverja: 1



Þröstur©Hafþór Hreiðarson

Gögn:

Lögregluskýrsla
 Gögn RNSA


Lokaskýrsla afgreidd á fundi 30. ágúst 2021 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 11. nóvember 2020 var Þröstur BA 48 á siglingu á Tálknafirði. Meðaldjúprista: 1,5 m. Veður: SSA 8 m/s.

Þröstur var á landleið þegar hann strandaði um kl. 18:20 á stað 65°38'458N og 023°55'937V (*mynd 1*) samkvæmt ferilskráningu frá Vaktstöð siglinga (VSS). Báturinn náðist á flot um kl. 19:10 og var dreginn til hafnar af vinnuskipinu Ödda. Þröstur var kominn að bryggju kl. 19:39.




Mynd 1 Ferill Þröstar og strandstaður

Nokkrar skemmdir urðu á bátnum, m.a. rispaðist botninn, geymakassi að aftan og undir sjólinu brotnaði auk þess sem drif var illa farið. Skipstjórinn féll til við strandið og tognaði á fæti.

Við rannsókn kom fram:

- að bátnum var handstýrt og skipstjóri kvaðst hafa brugðið sér út á þilfar til að kasta af sér vatni. Hann taldi bátinn hafa breytt stefnu við það án þess að taka eftir því. Á mynd 2 sést stefnubreyting kl. 18:16 í r/v 128° en meðalstefna hafði verið um r/v 118° í 14 mínútur fyrir þann tíma.



Mynd 2 Stefnubreyting kl. 18:16 og strandstaður

- að báturinn var á 11,9 hnúta ferð þegar hann strandaði;
- að skipstjórinn var mjög reyndur og vel kunnugur svæðinu;
- að í gangi var dýptarmælir og siglingaplotter. Viðvörðunarbúnaður var ekki í gangi;
- að um borð voru um 400 kg af fiski og 120 l af olíu.

Nefndarálit:

Orsök strandsins var að stjórnandi vék frá stjórnun bátsins á siglingunni.